

Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs í St. Jó - 1811306

6. fundur 27. mars 2019 kl 16:00-16:30, haldinn í Bæjarráðssal

Fulltrúar:

Ágúst Bjarni Garðarsson, bæjarfulltrúi
Guðlaug Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Starfsmenn:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður skrifstofu Umhverfis- og skipulagsþjónustu
Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Eva Michelsen, verkefnastjóri Lífsgæðaseturs St. Jó

Yfirferð á minnisblaði um stöðu framkvæmda

Farið yfir minnisblað sem veitir góða yfirsýn yfir stöðu framkvæmda.

Lagt til að bjóða bæjarfulltrúum að koma í skoðunarferð á St. Jó. Gert ráð fyrir að heimsóknin fari fram fljótlega í apríl og hafa verktaka, Hlyn frá Fagás, með í för.

Lagt fyrir erindi frá Karli arkitekt hjá VA arkitektum (sjá afrit aftast í fundargerð) varðandi dúkinn á 2.hæð. Breytingar og framkvæmdir gera það að verkum að það er orðið nokkuð um bútasam og vegna aldurs dúksins er erfitt að ná sama lita afbrigði og er nú þegar. Áætluð viðgerð á dúk er 500.000 kr. en með því að skipta um sé kostnaður 1.300.000 kr. viðbótarkostnaður er 800.000 kr.

Framkvæmdahópur mun fara í vettvangsferð á St. Jó og meta aðstæður og taka ákvörðun eftir það.

Óskað er eftir uppfærðri kostnaðaráætlun, hér er átt við uppfærða stöðu á útlögðum kostnaði vegna framkvæmda. Eva og Sverrir munu gera samantekt og senda á framkvæmdahóp.

Opnunarhátíð Lífsgæðaseturs

Lagt er til að formleg opnun hússins fari fram með opnunarhátíð á 93ja ára afmæli hússins, afmælisdagurinn er fimmtudagurinn 5.september.

Verkefnastjóri mun útbúa minnisblað fyrir framkvæmdahóp sem tekur meðal annars á eftirfarandi:

- Tímasetning hátíðar
- Fyrirkomulag hátíðar
- Fyrirhugaður gestalisti
- Opnun sýningar á vegum Byggðasafns í samvinnu við Björn bæjarminjavörð
- O.fl.

Fundaritari: Eva Michelsen

Fundi slitið kl 16:30



HAFNARFJÖRÐUR

Erindi frá Karli arkitekt (sendur tölvupóstur)

Sæl öll sömul

Varðandi gólfefni á 2. hæðina þá leggjum við, arkitektarnir, til að það verði skipt um dúk á allri hæðinni þ.e. einnig á aðalgangi.

Það að fara í viðgerðir verður hálfgerður bútasamur sem við teljum ekki verða fallett. Núverandi dúkur er misjafn á litinn þ.e. með munsturrákum og er upplitaður. Að auki er ekki ólíklegt að það þurfi að fara í viðgerðir á gamla dúknum eftir ófá ár.

Dúkarinn áætlar að verðmunur á því að bútasama/viðgerð á móti að leggja nýjan verði 800 þúsund þ.e. um 500 þúsund að fara í viðgerðir en 1300 þúsund að leggja nýjan.

Með kveðju / Best regards

Karl Magnús Karlsson

Architect FAI